

32

1. febr.

L Ö G

um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenskum hráefnum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist málarameisturunum Einari Gíslasyni
og Ósvaldi Knudsen í Reykjavík næstu 5 ár einkaleyfi til þess að vinna málningu
úr íslenskum hráefnum (jarðefnum).

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að nema jarðefni hér
á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim málningu til sölu. Brot gegn þessu á-
kvæði varðar sektum frá 500—5000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti tvö fyrstu árin,
er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.